



Náttúrufræðistofa Kópavogs
 Natural History Museum of Kópavogur
 Hamraborg 6 A · IS-200 Kópavogur · Iceland
 www.natkop.is

SÖFNUNAR- OG SÝNINGARSTEFNA

Náttúrufræðistofa Kópavogs er eign Kópavogsbæjar og starfar í samræmi við endurnýjaða stofnskrá sem samþykkt var í bæjarráði 15. september 2011 (sjá fylgiskjal með umsókn). Söfnunar- og sýningarstefna Náttúrufræðistofu Kópavogs er endurskoðuð og samþykkt ár hvert af lista- og menningarráði Kópavogs. Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs fer fram í samræmi við siðareglur ICOM (International Council of Museum) eins og þær eru kynntar hjá Íslandsdeild ICOM (sbr. 3. gr. stofnskrá Náttúrufræðistofunnar).

Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs má skipta í tvö meginvið. Annars vegar er sýningarstarfsemi og almenn fræðslustörf og rannsóknir og vinna sem tengjast sýningum. Hins vegar eru grunnrannsóknir á sviði vatnalíffræði auk rannsókna í tengslum við ýmis útseld þjónustuverkefni.

Hlutverk

Í 4. gr. c-lið í stofnskrá um Náttúrufræðistofu Kópavogs er fjallað um aðalhlutverk varðandi sýningarþátt í starfseminni:

“að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins.”

Söfnunar- og sýningarstefna Náttúrufræðistofunnar helgast annars vegar af kjölfestueign stofunnar í safnkosti og hins vegar af sérsviði í rannsóknum, þ.e. vatnalíffræði. Fá náttúrgripasöfn ef nokkurt sinna vatnalíffræðirannsóknum í jafnmiklum mæli og Náttúrufræðistofa Kópavogs. Áfram verður lögð áhersla á þetta fræðasviði í starfsemi stofunnar.

Kjölfestan

Sýningarstefna Náttúrufræðistofunnar markast af kjölfestueign stofunnar á sýningarmunum. Þar er einna umfangsmest lindýrasafn Jóns Bogasonar. Auk þess er gott fuglasafn, einkum vatnafuglar, ágætt safn af sjávarhryggleysingjum og jarðfræðisafn með helstu berggerðum á Íslandi og tegundum kristalla. Jafnframt eru til sýnis spendýr og fiskar. Fjögur fiskabúr eru á safninu með lifandi fiskum, sjódyrum og ferskvatnslífverum. Lifandi kúluskít úr Mývatni er einnig að finna í búi og honum gerð sérstök skil.

Stakir atburðir

Auk fastra sýningaratriða er á hverju ári boðið upp á nokkrar sérsýningar. Bæði er um að ræða meðalstórar þemasýningar sem standa í 2–3 mánuði og smærri kynningar sem vara í skemmri tíma, t.d. sýningar á árstíðabundnum fyrirbærum á borð við skötuorma og flækingskordýr sem berast safninu.

Upplýsing

Fróðleik um sýningarmuni, svo sem um lifnaðarhætti, heimkynni og sérstöðu, er að finna á texta- og myndaspjöldum við hliðina á viðkomandi gripum. Allur texti í sýningarbásum er á íslensku. Ítarlegar upplýsingar um flesta sýningamuni er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofunnar.

Fræðsla og fagurfræði

Við hönnun á sýningum og miðlun á fróðleik er horft til upplýsingagildis og fagurfræði. Meðal annars er leitað aðstoðar hjá hönnuðum. Á þennan hátt er stefnt að því að sameina eftir föngum vísindi og listir, og kennslu- og skemmtigildi. Í samræmi við þetta hefur Náttúrufræðistofan einnig starfað náið með listamönnum og sett upp á hverju ári sérstakan listviðburð í sýningarrými stofunnar.

Erlendir ferðamenn

Sýningarsafn Náttúrufræðistofunnar er ætlað bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum. All veglegur safnabæklingur og vegvísir um safnið á enskri tungu var gefinn út um vorið 2012. Hann auðveldar til muna erlendum gestum að skoða það sem fyrir augu ber og kynnast íslenskri náttúru.

Leiðsögn

Starfsfólk veitir skipulegum gestahópum leiðsögn um safnið. Þetta á aðallega við um leikskólabörn og unglinga í grunn- og menntaskólum. Í hverri viku er um nokkrar heimsóknir að ræða og árlegur fjöldi slíkra safngesta eru nokkur þúsund skólabörn. Tekið er á móti hópum af öllu höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Fyrirlestrar – námsskeið

Í fjölnotasal Safnahússins flytja starsfmenn og gestafyrirlesarar erindi og kynna rannsóknir sínar. Haldin eru sumarnámsskeið í náttúrufræðum fyrir 10–12 ára börn og hafa þau aðstöðu á rannsóknastofunni. Málþing eru haldin á vegum Náttúrufræðistofunnar þar sem fjallað er um sitthvað á sviði náttúrufræða og umhverfismála.

Opið safn og ókeypis

Safnahúsið er opið almenningi mánud.–fimmtud. kl. 10–19, föstud. kl. 11–17 og laugard.. kl. 13–17. Aðgangur að sýningarsafni Náttúrufræðistofunnar hefur frá upphafi verið ókeypis.